

## 89. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 4. febrúar 2008 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Gísladóttir, Hrefna Frímansdóttir, Ingveldur Eypórsdóttir, Erna Guðmundsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Bryndís Jakobsdóttir, foreldraráði leikskóla og Arna S. Andrésdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrslur skólastjóra.

#### 1.1. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

- Verið er að ganga frá vinnu við skólanámskrá, stefnt er að því að hún verði komin á netið um páska.
- Skólastefnuvinna er einnig í gangi í samvinnu við tónlistar og grunnskóla.
- Byrjað er að skipuleggja næsta skólaár, þ.e. hvenær næstu nemendur eru teknir inn. Á skrá fyrir næsta vetur eru komin 64 börn, þannig að útlit er fyrir svipaðan fjölda í skólanum.
- Haldið er upp á bollu, sprengi og öskudag með hefðbundnu sniði.
- N.k. miðvikudag er dagur leikskólans.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn kom fram um hvort það sé lokað fyrir það að börn geti byrjað í gæslu kl. 12 þar sem að leikskólinn sé einsetinn. Skólastjóri leikskóla svaraði fyrirspurn. Nei ekki beint en börnin hafa þó ekki kost á að vera með í öllu sem á dagskrá er.

#### 1.2. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

- Dagskrá vikuna 4. – 8. febrúar.
- Bollu-, sprengi og öskudagur. Skv. hefð er formleg dagskrá (kennsla) á öskudeginum til kl. 12:30 svo hefst furðufataganga kl. 13:30. Foreldrafélagið skipuleggur hana.
- Fyrirlestur með Kolbrúnu Marelsdóttur um átröskun í skólanum í dag kl. 18-19.
- Starfsmannaviðtöl eru hafin og þ.a.l. undirbúningur fyrir næsta skólaár hafinn.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður spurði nánar út í dönskukennarann. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurn, að hann muni auglýsa eftir dönskukennara fyrir næsta skólaár.

Formaður spurði nánar út í enskukennarann, Justin. Hann er í stundarkennslu. Skólastjóri svaraði fyrirspurn, ekki veit hann nákvæmlega hver staðan verður í því máli.

Fyrirspurn kom fram um hvort að það hafi verið skoðað hvort að einhver ávinningur hafi komið í ljós með því að hafa ensku- og dönskumælandi kennara í kennslu. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurn, slíkt hefur ekki verið gert. Virkar jákvætt á skólastjóra.

## **2. Skólastefna.**

Formaður greindi frá vinnunni.

- Búið er að halda einn fund. Stýrihópur er ekki kominn af stað. Stefnan er að halda fund í þessari viku.
- Rammasmíðin er framundan og svo þarf að fylla inn í rammann.

## **3. Önnur mál.**

Fyrirspurn kom fram um hvort að Gunnar skólastjóri grunnskóla yrði með furðufatagönguna í ár eins og undanfarið og hversu margir mæta ca. í gönguna. Gunnar svaraði fyrirspurn, hann verður með gönguna og fjöldinn er á bilinu 100-120 manns.

Fyrirspurn kom fram um hvort að Unnur hafi látið krakkana sauma öskupoka? Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurn játandi.

Fyrirspurn kom fram um hvort hægt væri að hafa skiplagðar umræður um sumarlokun á leikskóla. Formaður svaraði fyrirspurn játandi.

Fyrirspurn kom fram um hvort væri búið að ákveða hvenær sumarlokun í leikskóla verði. Skólastjóri leikskóla svaraði fyrirspurn neitandi.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.45.

Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari (sign).